Cyberlab – Beiðna-og svarakerfi fyrir sýkla-veiru og ónæmisfræði

SKRÁNING BEIÐNA

Í Heilsugátt: Valinn er flipinn Allar aðgerðir og í dálknum Rannsóknir smellt á sýkla-, ónæmis- eða veirufræði. Valið er: Búa til nýja beiðni.

Í Sögu: Farið er í önnur kerfi og valið cyberlab.

Í vefútgáfu: Slóðin cyberlab.lsh.is" er slegin inn, notandi skráður inn og farið í Skráning beiðni.

- 1. Beiðandi og aðsetur eru valin með því að slá inn kóða eða hluta úr nafni Beiðanda/aðseturs.
- 2. Sýnatökutími skráður ef annar en skráningartími.
- 3. Smellt er á: Halda áfram
- Hakað er við viðeigandi rannsóknir í pöntunarblöðum rannsóknastofa, flýtibeiðnamynd deildar (Deildarflýtilisti) eða eftir Leit.
 - Sýklafræði ef panta þarf fleiri en eina rannsókn sömu gerðar þarf að fylla út beiðni fyrir hvert sýni fyrir sig. Undantekning eru blóðræktanir, mósastrok og yfirborðsstrok.
 - Veirufræði aðeins hægt að panta eina tegund sýnis á sömu beiðni.
 - Athugið að aðeins er hægt að panta rannsóknir frá einni rannsóknarstofu á hverri beiðni.
- 5. Smellt er á **Halda áfram** til að fara í flipann Viðbótarupplýsingar.
- Skrifað eða hakað við allt sem er merkt með rauðri stjörnu og annað ef við á. Athugið að hámark er 40 stafir í nánari lýsingu á sýnategund – sýklafræði.
- 7. Smellt er á **Halda áfram** til að fara í Samantekt sem sýnir skráðar upplýsingar á beiðni.
- 8. Upplýsingar eru yfirfarnar og smellt á Samþykkja beiðni. Límmiðar prentast út fyrir hvert sýni. Beiðni fær númer frá rannsóknastofukerfi. Smellt er á
- Sýni er merkt með límmiða þannig að hægt sé að skanna strikamerki. Ef blóðsýni verður tekið af Istarfsfólki rannsóknarkjarna er pöntuð blóðtaka í Heilsugátt (t.d. Ónæmisfr. Serum) og límmiðar úr Cyberlab settir á viðeigandi stað á deild.

Ítarlegri leiðbeiningar um pöntun rannsókna er að finna í skjali Rsýk-466 í gæðahandbók rannsóknarsviðs.

SKOÐUN NIÐURSTAÐNA

Rannsóknarniðustöður birtast á síðu sjúklings í Heilsugátt. Sjá <u>leiðbeiningar</u>. Listi yfir beiðnir opnast og smellt er á viðkomandi beiðni til að sjá niðurstöður.

Skoðun niðurstaðna

Hafa má 1-50 beiðnir sýnilegar samtímis og velja niðurstöður eftir sýnatökutíma viðkomandi sýna. Örvahnappar eru notaðir til að fara á milli beiðna

- 🔼 Last results sýnir nýjustu niðurstöður fyrir hverja tegund rannsóknar.
- Y Síar út ákveðnar rannsóknir sem hakað er við.
- Notað með . Itil að velja allar sýnilegar rannsóknir í niðurstöðuglugga í einu. Ef smellt er aftur á takkann er breytt aftur í fyrra horf. Til að taka síuna af er ýtt á: "Taka síu af"
- 🕒 Saga niðurstöðu
- Yfirlit ræktana, niðurstöður úr leit að erfðaefni, Clostridium difficile toxin A/B og niðurstöður úr leit að erfðaefni fyrir Atýpíska lungabólgu og kíghósta. PCR niðurstöður frá veirufræði sjást ekki í þessum glugga. Velja má lengd tímabils síðustu 14 daga síðustu 30 daga eða allt.
- AB Yfirlit næmisprófa. Velja má síðustu 14 eða 30 daga eða öll næmispróf.
- 🔟 Upplýsingar um beiðni. Rauður litur 🛈 þýðir að skráð hafi verið athugasemd frá rannsóknarstofu.

Þegar smellt er á niðurstöðureit opnast gluggi sem sýnir niðurstöðu í smáatriðum.

Prentun – PDF vistun

Hakað er við eina eða fleiri beiðnir og smellt á **D** PDF táknið.

¹⁰ Upplýsingar um rannsókn. Ef þetta tákn er til staðar, er krækja í gæðahandbók eða heimasíðu með upplýsingum um rannsókn.

Trúnaðarmálsniðurstöður

Sumar niðurstöður eru skilgreindar sem trúnaðarmál og eru eingöngu aðgengilegar læknum. Þetta á t.d.við um HIV og lifrarbólgur, Klamydíu-og Sýfilisrannsóknir. Þessum trúnaði hefur verið aflétt fyrir aðra heilbrigðisstarfsmenn ef óskað hefur verið eftir því. Ef óskað er eftir ótakmörkuðum aðgangi að svörum í Cyberlab er send beiðni með rökstuðningi til Guðrúnar Sv. Hauksdóttur (<u>gusvhauk@landspitali.is</u>) (og/eða Arthurs Löve (<u>arthur@landspitali.is</u>).